

Föstudaginn 22. febrúar 1946.

Nr. 147/1945. Valdstjórnin (Hrl. Hermann Jónasson)
gegn

Jóni Sigurðssyni Erlendssyni

(Hrl. Garðar Þorsteinsson).

Brot gegn áfengislögum, bifreiðalögum, umferðarlögum og
lögreglusamþykkt.

Dómur hæstaréttar.

Hæfilegt þykir, að kærði sé sviptur ökuleyfi 6 mánuði
alls. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn með skír-
skotun til forsendna hans.

Samkvæmt þessum málalokum ber kærða að greiða allan
áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutnings-
laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 350.00
til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru
leyti en því, að kærði, Jón Sigurðsson Erlendsson, skal
sviptur ökuleyfi 6 mánuði alls.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar
talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í
hæstarétti, hæstaréttarlögmennanna Hermanns Jónas-
sonar og Garðars Þorsteinssonar, kr. 350.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 21. ágúst 1945.

Ár 1945, þriðjudaginn 21. ágúst, var í lögreglurétti Reykjavíkur,
sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Þórði
Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2064/1945: Vald-
stjórnin gegn Jóni Sigurðssyni Erlendssyni, sem tekið var til
dóms samdægurs.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Jóni Sig-
urðssyni Erlendssyni verkamanni, Hallveigarstíg 10 hér í bæ,
fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 1935, bifreiðalögum nr. 23
1941, umferðarlögum nr. 24 1941 og lögreglusamþykkt fyrir
Reykjavík nr. 2 1930.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 28. ágúst 1914 í Reykjavík, og hefur, svo kunnugt sé, ekki sætt refsingu, en kærum sem hér segir:

1929 % Kærður fyrir þjófnað og hlutdeild í þjófnaði. Málið afgreitt til sljórnarráðsins.

1936 2½ Undirgekkst að greiða 25 kr. skaðabætur fyrir spellvirki.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt 8. maí s. l. bauð kærði tveimur kunningjum sínum, þeim Brynjólfi Eiríkssyni á Hrafnkelsstöðum í Hraunhreppi og Guðmundi Inga Eiríkssyni á Álfatabakka í Álfstaneshreppi, heim til sín að Hallveigarstíg 10. Kærði tók fram Vermouthflösku, sem hann átti, og tæmdu þeir úr henni. Munu þeir hafa drukkið álíka mikið hver af víninu, og kveðst kærði hafi fundið til áfengisáhrifa, er lokið var úr flöskunni. Kærði segir, að um eða jafnvel meira en klukkutíma síðar hafi þeir farið út í bifreið hans, R 436, er var fyrir utan húsið. Brynjólfur segir, að áður hafi verið umtal um, að hann æki þeim, en hann hafi viljað það síður bæði vegna vinneyzlu sinnar, þó að hann fyndi ekki til áfengisáhrifa, svo og þess, að hann væri óvanur að aka bifreið í bænum, en kærði minnst þess ekki, að það hafi verið orðað við Brynjólf, að hann skyldi aka bifreiðinni. Kærði settist undir stýri bifreiðarinnar og ók henni af stað. Kærða og félögum hans ber ekki saman um, hvert hann ók henni. Guðmundur Ingi segir aðeins, að kærði hafi ekið henni dálítið um bæinn, en Brynjólfur segir, að hann hafi ekið með þá að húsi einu innst á Laugavegi, þar sem kærði hafi snöggvast farið inn, en síðan hafi hann ekið niður Skúlagötu um Ingólfsstræti og Bankastræti upp á Skólavörðustíg. Kærði kveðst ekki muna eftir því, að hann færi inn á Laugaveg, en hann hafi ekið um nokkrar götur í miðbænum, seinast suður Lækjartorg.

Um kl. 5.05 þessa nótt var bifreiðinni R 2004 ekið niður Bankastræti, og stýrði Magnús Sigurðsson lögregluvarðstjóri henni, en farþegar í henni voru lögregluþjónarnir Lárus Salómonsson, Páll Eiríksson og Ólafur Ólafsson. Er þeir áttu ófarna nokkra metra, Lárus Salómonsson segir 10—14 metra, að gatnamótum Lækjargötu og Lækjartorgs, var bifreið kærða ekið norðan úr Lækjartorgi upp í Bankastræti. Segja lögregluþjónarnir, að henni hafi verið ekið hart og ógætilega yfir á syðri vegarhelming Bankastrætis, þ. e. vegarhelming bifreiðarinnar R 2004, nokkru fyrir framan þá bifreið. Lárus Salómonsson segir, að hraði bifreiðarinnar R 436 hafi verið allt of mikill, og hafi ekkert verið hægt á henni yfir gatnamótin og hafi stjórnandi hennar ekki virzt hafa vald á henni. Bifreiðinni hafi síðan verið þverbeygt yfir á nyrðri helming Bankastrætis um billengd fyrir neðan R 2004.

Lögregluþjónarnir veittu bifreið kærða eftirför og náðu henni, þar sem hún nam staðar fyrir utan Hallveigarstíg 10. Kærði sat

þá undir stýri hennar og annar fyrrgreindra félaga hans við hlið hans, en hinn í aftursæti. Kærði viðurkenndi að hafa ekið bifreiðinni. Páll Eiríksson hefur borið það, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis, og hafi það bæði sézt á augum hans, sem hafi verið fljótandi og dauð, svo og á göngu hans, því að hann hafi reikað í spori, er hann hafði stigið út úr bifreiðinni. Magnús Sigurðsson segir, að kærði hafi virzt greinilega drukkinn, og hafi hann bæði reikað í spori og verið eins og slappur í máli. Ólafur Ólafsson segir, að kærði hafi verið greinilega undir áhrifum áfengis, því hann hafi verið með drykkjuraus og verið rauður í augum. Lárus Salómonsson segir, að kærði hafi verið greinilega ölvaður, og hafi hann bæði reikað í spori og drykkjusljóleiki verið í andliti hans. Farið var með kærða á lögreglustöðina og þaðan á læknavarðstofuna, þar sem tekið var blóðsýnishorn úr honum.

Kærði viðurkennir ekki að hafa verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni, og telur, að áfengisáhrifin, er hann fann til af vermouthdrykkjunni, hafi verið horfin, nokkru áður en hann ók henni. Hann neitar því að hafa ekið hratt og ógætilega úr Lækjartorgi í Bankastræti.

Brynjólfur Eiríksson kveðst ekki skilja, að kærði hafi verið undir áhrifum áfengis, og hafi hann eigi merkt það á akstri hans, en hann kveðst hafa haft orð á því við hann, að sér þætti hann aka nokkuð hratt innan bæjar. Guðmundur Ingi Eiríksson kveðst líta svo á, að kærði hafi ekki verið undir áhrifum áfengis við aksturinn, og segir, að hann hafi eigi getað verið neitt verulega kenndur af vinneyzlu sinni, enda hafi hann eigi getað neitt merkt það á akstri hans, þó að hann hafi hins vegar keyrt allhratt um bæinn, og hafi þeir Brynjólfur haft orð á því við hann. Kærði man ekki, að félagar hans hefðu orð á þessu við hann.

Áfengisákvörðun í blóðsýnishorninu úr kærða sýndi, að áfengismagn þess var 1,80 af þúsundi.

Lárus Salómonsson lagði bifreið kærða fyrir utan Hallveigarstig 10 og lét bifreiðina renna, og kveður hann fóthemla hennar hafa verið óvirka, er hann steig á þá, en handhemill hennar verið í lagi. Kærði segir, að fóthemlar bifreiðarinnar hafi verið í lagi, og hefur sýnt í lögregluréttinum skoðunarvottorð hennar. Samkvæmt því skoðaði bifreiðæftirlitsmaður bifreiðina 8. maí s. l. og taldi hana þá í lagi.

Þó að kærði hafi ekki viljað viðurkenna að hafa fundið til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar, þykir sannað með samhljóða frumburðum fyrrgreindra fjögurra lögregluþjóna, áfengismagni blóðsýnishornsins svo og framburði kærða sjálfs, að hann hafi fundið til áhrifa áfengis við akstur bifreiðarinnar í umrætt skipti. Hefur hann því gerzt brotlegur gegn 21. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935 og 1. mgr. 23. gr., sbr. 38. gr. bifreiða-

laga nr. 23 16. júní 1941. Þá þykir sannað með framburðum lög-
reglumannanna, að kærði hefur ekið bifreiðinni of hratt og ógæti-
lega og tekið ranga beygju úr Lækjartorgi upp í Bankastræti. Varðar
sú háttsemi hans við 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna, 6.
gr. umferðarlaga nr. 24 16. júní 1941, sbr. 1. mgr. 31. gr., 32. gr. og
46. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930.
Hins vegar er ósannað, að fólhemlar bifreiðar kærða hafi verið
óvirkir. Refsing kærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga.

Þá ber samkvæmt 39. gr. áfengislaganna og bifreiðarlaganna að
svipta kærða bifreiðarstjóraréttindum í 3 mánuði frá birtingu dóms
þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með
talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Garðars Þorsteins-
sonar hrl., krónur 150.00.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jón Sigurðsson Erlendsson, sæti varðhaldi í 10
daga.

Hann skal sviptur bifreiðastjóraréttindum í 3 mánuði frá
birtingu dóms þessa.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-
varnarlaun skipaðs verjanda síns, Garðars Þorsteinssonar hrl.,
krónur 150.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. febrúar 1946.

Nr. 118/1945. Björn Pálsson (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Guðmundi Sigurðssyni. (Enginn).

Ómerking.

Dómur hæstaréttar.

Guðbrandur Ísberg, sýslumaður í Húnavatnssýslu, hefur
kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Stefndi hefur ekki komið fyrir dóm né nokkur af hans
hendi, enda þótt honum sé löglega stefnt. Hefur málið því
verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr.
112/1935, og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Mál þetta kom fyrst fyrir fógetadóm 1. júní 1945, og